

ÍSLENSKAR FORNLEIFARANNSÓKNIR EHF

Dýrabein úr rofi við Bæ 1 í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu

Albína Hulda Pálsdóttir og Bergsveinn Birgisson

8. apríl 2015

Skýrslur Íslenskra fornleifarannsóknna ehf. nr. 2015-1

fornleifarannsoknir@gmail.com

© Albína Hulda Pálsdóttir 2015

Dýrabein úr rofi við Bæ 1 í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu

Skýrslur Íslenskra fornleifarannsóknna ehf. nr. 2015-1

Útgefandi: Íslenskar fornleifarannsóknir ehf.

Útgáfustaður: Reykjavík

ISBN 978-9979-9937-8-0

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	3
Töfluskrá.....	3
Inngangur	4
Bakkagerði í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu	5
Aðferðafræði	6
Fyrri rannsóknir	6
Staðsetning minjanna	9
Gripir og dýrabein úr rofi við Bakkagerði, í landi Bæjar 1	13
Dýrabein og gripir frá 2012	13
Dýrabein frá 2014	16
Túlkun.....	18
Lokaorð.....	18
Heimildir.....	19

Myndaskrá

Mynd 1: Kort af Selströnd, rauður hringur um Sandvík. Atlaskort fengið af vef Landmælinga Íslands.	5
Mynd 2: Staðsetning rofsins er merkt inn. Rofið er á jörðinni Bæ 1 en í grenndi við Bakkagerði sem er nýbýli sem varð til úr hluta af Bæjarjörðinni. Myndkort fengið af vef Landmælinga Íslands,	6
Mynd 3: Túnakort af Bæ I, Selströnd í Kaldrananeshreppi. Frá Þjóðskjalasafni Íslands.	8
Mynd 4: Rofið er um það bil fyrir miðri mynd, sjá rauða hringinn. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.....	9
Mynd 5: Hér virðist vera nokkuð stór rústahóll eða ruslahaugur sem sjórinn er að brjóta af. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.....	10
Mynd 6: Rofið. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.....	10
Mynd 7: Nærmynd af hluta rofsins. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.	11
Mynd 8: Nærmynd af hluta rofsins, fyrir miðri mynd virðist glitta í lítið dýrabein. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.	12
Mynd 9: Gripir og bein frá 2012. Efst til vinstri er miðfótarbein úr kind/geit, þar beint fyrir neðan tvö brot úr svínskjalka. Neðst til hægri er rifjabrjósk úr stórgrip. Fyrir miðri mynd herðablað úr kind/geit.	15
Mynd 10: Gripir og bein frá 2012. Svínskjalakarnir eru fyrir miðri mynd og sjá má að tennurnar eru nánast ekkert eyddar sem bendir til þess að um ung dýr hafi verið að ræða. Ljósmynd Albína Hulda Pálsdóttir.	16
Mynd 11: Dýrabein úr rofi við Bakkagerði. Á myndinni má sjá efri kjálka úr sel, framtönn úr nautgrip, þorskbein, fuglabein og bein sem mögulega er úr rostung lengst til hægri á myndinni. Beinunum safnaði Bergsveinn Birgisson neðan við rofið í ágúst 2014. Ljósmynd Albína Hulda Pálsdóttir.....	17

Töfluskrá

Tafla 1: Listi yfir dýrabein frá árinu 2013	14
Tafla 2: Listi yfir gripi frá 2012.	14
Tafla 3: Listi yfir dýrabein frá 2014	17

Inngangur


Í þessari stuttu skýrslu er umfjöllunarefnið lítið beinasafn sem Bergsveinn Birgisson hirti úr rofi á jörðinni Bær 1 í Sandvík, Selströnd, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur; að skjalfesta dýrabeinafundinn og staðsetningu hans þar sem um er að ræða minjar sem eru í hættu vegna sjávarrofs og leggja frummat á minjagildi þeirra.

Bakkagerði í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu



Mynd 1: Kort af Selströnd, rauður hringur um Sandvík. Atlaskort fengið af vef Landmælinga Íslands.

Bergsveinn Birgisson kom með tvo litla poka af beinum til að sýna mér þann 10. ágúst 2014 í framhaldi af símtali okkar á milli. Beininn hafði hann hirt úr rofi neðan við rústir kartöflukofa í landi Bæjar 1, Sandvík á Selströnd, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, sjá Mynd 1 og 2. Upp frá kartöflukofanum er langur túngarður sem er gamall. Kælihus var lengra uppi í vikinni, nálægt litlum læk sem rennur gegnum víkina til sjávar. Þar reisti Birgir faðir Bergsveins skúr og nýtti til þess gamla veggi, þetta var um 1950. Í annan þokann hafði hann safnaði í júlí eða ágúst 2012 en hinn í byrjun ágúst 2014. Bæði bein og gripir voru tekin rétt neðan við rofið svo ekki er hægt að fullyrða um hvort gripir og bein eru öll samtíða. Bergsveinn varð ekki var við nein leirkerabrot á svæðinu en nefndi að nokkuð væri af ryðguðum járnútum neðan við rofið. Frá sama svæði er þekkt er frásögn um ryðguð sverðshjölt sem Bjarni Guðmundsson fann um miðja 20. öld en var hent (Bergsveinn Birgisson tölvupóstur 15. desember 2014, Bjarni Guðmundsson munnleg heimild 2013). Gamla bæjarstæði Bæjar stóð þar sem Bær 2 stendur núna, jörðinni var deilt í þrjú blý um eða eftir seinna stríð.



Mynd 2: Staðsetning rofsins er merkt inn. Rofið er á jörðinni Bæ 1 en í grenndi við Bakkagerði sem er nýbýli sem varð til úr hluta af Bæjarjörðinni. Myndkort fengið af vef Landmælinga Íslands,

Aðferðafræði

Albína Hulda Pálsdóttir dýrabeinafornleifafræðingur skoðaði bæði grip og bein 10. ágúst 2014. Gerð var einföld skoðun á beinunum til að gefa grunn greiningarupplýsingar og leggja mat á varðveislu þeirra.

Þar sem Albína skoðaði rofið eða minjar á svæðinu ekki sjálf eru allar ályktanir um mögulegar fornleifar byggðar á ljósmyndum frá Bergsveini, frásögn hans um fundaraðstæður og dýrabeinunum og gripum sem fundust á svæðinu.

Fyrri rannsóknir

Ragnar Edvardsson framkvæmdi afmarkaða fornleifaskráningu á svæðinu í tengslum við doktorsverkefni sitt en virðist ekki hafa skráð neinar minjar á svæðinu þar sem þau dýrabein og gripir sem hér eru til umfjöllunar fundust (Ragnar Edvardsson, 2010, bls. 298). Skráningarskýrsla sjálf er ekki aðgengileg á netinu og er ekki til á Landsbókasafni (Ragnar Edvardsson, 2002). Ragnar segir þó að bæjarhöllinn á Bæ sé illa skemmdur í ritgerð sinni (Ragnar Edvardsson, 2010, bls. 146).

Við einfalda leit á internetinu, tímarit.is og gegni fannst ekkert um fyrri rannsóknir í Bakkagerði eða Bæ á Selströnd nema afar stutt umfjöllun í Árbók hins íslenska fornleifafélags. Þar segir í skýrslu um Þjóðminjasafnið frá 1987: „Þá rannsökuðu bandarísku

sérfræðingarnir Tom McGovern og Tom Amorosi, sem hér hafa dvalizt áður við rannsóknir, forna sorphauga í Bakkagerði og á Svalbarði í Þistilfirði. Voru þeir einnig við rannsóknir víðar.“ (Þór Magnússon, 1988, bls. 152). Af þessum texta er ekki ljóst hvort um er að ræða Bakkagerði í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu eða einhvern annan stað og óljóst er hvort grafið var á staðnum eða hvort minjar voru eingöngu skoðar á yfirborði. Bergsveinn efast að þarna sé átt við Bakkagerði á Selströnd. Líklega væri hægt að ganga úr skugga um þetta með því að skoða gögn í skjalasafni Þjóðminjasafns Íslands eða hafa samband beint við Tom McGovern eða Tom Amorosi. Ekki er minnst á Bakkagerði í doktorsritgerð Tom Amorosi (Amorosi, 1996).

Í Íslenskum sjávarhátum segir: „Haustið 1967 fannst tönn í sjávarkambi á Bæ í Steingrímsfirði. Hún er brún að lit en ljós innan í, um 30 sm að lengd, en eitthvað kann að vanta á tannræturnar. Eigandi er Ingimundur Guðmundsson í Bæ.“ Heimild fyrir fundinum er Kristján Eldjárn þjóðminjavörður 20. september 1967 (Lúðvík Kristjánsson, 1986, bls. 109). Hér er líklega á ferð smá misritun þar sem ekki er vitað til þess að neinn Ingimundur hafi búið í Bæ og er hér sennilega átt við Ingimar Guðmundsson. Hann var spurður út í tönnina en man ekki hvað varð um hana. Ekki er ósennilegt að þessi tönn hafi komið úr sama mögulega ruslahaug og þau bein sem eru til umfjöllunar hér en þó getur einnig verið að hún sé úr náttúrulegum jarðlögum á svæðinu. Þýskur ferðamaður fann auk þess rostungstönn ekki langt frá Sandvík 2010 eða 2011 og hafði með sér sem minjagrip (Jón Magnússon, Bæ 1, munnleg heimild 2011). Rostungstönn kom upp þegar grafið var fyrir skólanum á Drangnesi upp úr 1990 og er til sýnis í skólanum. Nokkuð virðist því vera um rostungsfundi á svæðinu en allt eins líklegt er að um sé að ræða leifar frá því löngu fyrir landnám.

Haft var samband við Þjóðskjalasafn Íslands varðandi túnakort. Ekki er til túnakort frá Bakkagerði en hér fyrir neðan má sjá túnakortið frá Bæ á Selströnd (Mynd 3).

Staðsetning minjanna

Dýrabeinin og gripirnir sem hér eru til umfjöllunar fundust í fjöru neðan við svæði þar sem sjórinn er að rjúfa land og gróðurþekju (Mynd 4).



Mynd 4: Rofið er um það bil fyrir miðri mynd, sjá rauða hringinn. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.



Mynd 5: Hér virðist vera nokkuð stór rústahóll eða ruslahaugur sem sjórinn er að brjóta af. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.



Mynd 6: Rofið. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.



Mynd 7: Nærmynd af hluta rofsins. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.



Mynd 8: Nærmynd af hluta rofsins, fyrir miðri mynd virðist glitta í lítið dýrabein. Mynd tekin 30. júlí 2014. Ljósmyndari Bergsveinn Birgisson.

Gripir og dýrabein úr rofi við Bakkagerði, í landi Bæjar 1

Bergsveinn Birgisson hefur í tvö skipti safnað dýrabeinum og gripum neðan við rofið. Bæði gripir og bein eru í hans vörslu. Safninu var skipt í tvennt, bein sem Bergsveinn safnaði árið 2012 (Mynd 9 og Mynd 10) og bein sem safnað var í júlí 2014 (Mynd 11).

Að sögn Bergsveins sjást engin leirkersbrot, plast eða glerbrot neðan við rofið. Það bendir frekar til þess að um sé að ræða gamlan ruslahaug. Upp úr 1600 eru leirkersbrot algengir fundir í íslenskum ruslahaugum ásamt krítarpípum. Leirsbrot eru oft nokkuð áberandi innan um brúna moldina og sama má segja um krítarpípur svo ósennilegt er að þau hefðu ekki verið hirt líka ef þau væru til staðar.

Dýrabein og gripir frá 2012

Í safninu frá 2012 eru dýrategundir sem algengar eru í ruslahaugum á Íslandi, bein úr kindum/geitum, stórgrip, nautgripstönn og fiskibein (Tafla 1). Sú staðreynd að í því eru svínstennur (Mynd 9 og Mynd 10,) bendir til þess að mögulegt er að um sé að ræða mjög gamlar minjar. Svínabein og þá sérstaklega tennur eru sjaldgæfir fundir í íslenskum ruslahaugum eftir 13. öld þegar svínarækt virðist að mestu hafa lagst af hér á landi (McGovern, 2009; McGovern o.fl., 2007). Svínabein sem finnast eftir 1300 eru frekar talin vera dæmi um innflutning á söltuðu svínakjöt í tunnum en það mynstur var til dæmis nokkuð skýrt í uppgreftrinum á Tjarnargötu 3c (Albína Hulda Pálsdóttir, 2008; Perdikaris, Amundsen, og McGovern, 2002).

Dýrabeinin eru flest afar vel varðveitt en sum hafa þó farið illa eftir að hafa losnað úr rofinu og eru skinin. Sú staðreynd að meðal beinanna er rifjabrjósk (e. coastal cartilage) sem finnst aðeins þar sem er sérstaklega góð varðveisla fyrir bein bendir til þess að hér geti verið um að ræða ruslahaug sem væri sérstaklega vel fallinn til dýrabeinafornleifafræðilegra rannsókna.

Tegund	Bein	Fjöldi	Annað
Svín	Kjálkar	2	Lítill tanneyðing
Stórgripur	Coastal cartilage/Rifjabrjósk	1	Varðveitist aðeins við mjög góð skilyrði
Stórgripur	Brot úr herðablaði	1	
Kind/geit	Herðablað	1	Sjá má að herðablaðið hefur staðið hálf út úr rofi, hluti þess er skininn og hvítur en hinn vel varðveittur.
Fiskur	Hryggjarliður	1	
Kind/geit	Miðfótarbein	1	Skinið og illa farið
Nautgripur	Tönn	1	Úr kálfi
Heildarfjöldi		8	

Tafla 1: Listi yfir dýrabein frá árinu 2013

Tveir gripir voru í safninu frá 2012, illa ryðgaður nagli og tveir steinar sem virðast eldsprungnir (Tafla 2). Gripirnir eru ekki þess eðlis að þeir geti gefið miklar upplýsingar um aldur minjanna. Þó má draga ákveðnar ályktanir út frá því að ekki eru leirkers- eða krítarpípbrott í safninu eins og áður sagði.

Gripur	Efni	Fjöldi	Annað
Nagli	Járn	1	Ryðgaður og virðist gamall
Steinar	Steinn	2	Eldsprungnir
Heildarfjöldi		3	

Tafla 2: Listi yfir gripi frá 2012.



Mynd 9: Gripir og bein frá 2012. Efst til vinstri er miðfótarbein úr kind/geit, þar beint fyrir neðan tvö brot úr svínskjálka. Neðst til hægri er rifjabrjósk úr stórgrip. Fyrir miðri mynd herðablað úr kind/geit.



Mynd 10: Gripir og bein frá 2012. Svínskjálkarnir eru fyrir miðri mynd og sjá má að tennurnar eru nánast ekkert eyddar sem bendir til þess að um ung dýr hafi verið að ræða. Ljósmynd Albína Hulda Pálsdóttir.

Dýrabein frá 2014

Engir gripir voru meðal þess sem safnað hafði verið við rofið sumarið 2014. Tegundasamsetning safnsins frá 2014 er dæmigerð fyrir það sem búast mætti við frá þessu svæði, selir, þorskur, fuglar og stórgripir Tafla 3. Í dýrabeinasafninu frá 2014 er bein sem mögulega er úr rostungi. Rostungsbein finnast ekki sérlega oft hér á landi en eru algengust í minjum frá 9.-12. öld (Albína Hulda Pálsdóttir, 2013; Buckley o.fl., 2014; McGovern, 2011). Þó verður að hafa í huga að rostungar flækjast reglulega til Íslands og ekki er hægt að útiloka að um yngri minjar sé að ræða.

Tegund	Bein	Fjöldi	Annað
Selur	Efri kjálki	1	
Nautgripur	Neðri framtönn	1	Lítið eydd
Porskur	Hryggjarliður, kjálki og höfuðbein	4	
Fugl	Langbein	1	
Rostungur?	Langbein	1	
Stórgripur	Brot úr langbeini	1	
Ógreinanlegt bein úr landspendýri	Ógreinanlegt	1	Brennt hvítt

Heildarfjöldi

Tafla 3: Listi yfir dýrabein frá 2014



Mynd 11: Dýrabein úr rofi við Bakkagerði. Á myndinni má sjá efri kjálka úr sel, framtönn úr nautgrip, þorskeið, fuglabein og bein sem mögulega er úr rostung lengst til hægri á myndinni. Beinunum safnaði Bergsveinn Birgisson neðan við rofið í ágúst 2014. Ljósmynd Albína Hulda Pálsdóttir.

Túlkun

Út frá frásögn Bergsveins um fundaraðstæður, að ekki séu krítarpípu- eða leirkersbrot að finna við rofið og því að í safninu eru svína- og rostungsbein virðist möguleiki að við Bakkagerði sé að rofna ruslahaugur frá því fyrir 1300. Vissulega er ekki hægt að fullyrða neitt um það út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir en dýrabeinasafnið gefur tilefni til þess að rofið sé skoðað frekar.

Líkt of áður kom fram eru svínabein ekki sérlega algeng í íslenskum dýrabeinasöfnum eftir 1300. Þess má þó geta að eitt svínsbein fannst við rannsóknir á Gjögri í jarðlögum frá 13.-15. öld. Ekki kemur fram hvaða bein er um að ræða en það er túlkað sem hugsanlegt dæmi um aðflutta/innflutta vöru frekar en þar hafi farið fram svínarækt sem bendir til þess að ekki sé um að ræða tennur eða höfuðbein heldur frekar kjötmikið bein úr útlím (Krivigorskaya, Perdikaris, og McGovern, 2006, bls. 384–385). Engin bein úr svínum fundust við uppgröft í Akurvík (Amundsen o.fl., 2004). Við uppgröft á víkingaaldarskálanum í Vatnsfirði hafa fundist hið minnsta 25 brot úr svínatönnum og beinum en varðveisla dýrabeina í Vatnsfirði er almennt slæm. Aðeins þrjú svínabein fundust í yngri jarðlögum í Vatnsfirði (Albína Hulda Pálsdóttir, Gorsline, og McGovern, 2008, bls. 6, 8; Milek, 2010). Á Eyri á Ísafirði var grafinn upp hluti af ruslahaug frá 19. öld. Misvísandi upplýsingar eru um hvort svínabein hafi fundist við þar en ein frummatsskýrsla getur um brot úr efri kjálka af svíni en ítarlegri greiningarskýrsla tekur sérstaklega fram að engin svínabein séu í safninu (Harrison, Hicks, Colligan, og Schreiner, 2008; Krivigorskaya og McGovern, e.d.).

Lokaorð

Út frá tegundasamsetningu virðist mögulegt að um sé að ræða ruslahaug frá því fyrir 1300 og er varðveisla beinanna með því besta sem gerist hér á landi. Æskilegt væri að fornleifafraeðingur á vegum Minjastofnunar Íslands færi á svæðið og kanni minjarnar á svæðinu, reyni að leggja mat á umfang ruslahaugins og ef hægt væri staðfesta aldur hans. Ef í ljós kemur að um er að ræða svo gamlan ruslahaug þarf að hindra frekara rof úr honum ef þess er nokkur kostur.

Heimildir

- Albína Hulda Pálsdóttir. (2008). The Tjarnargata 3c archaeofauna: The Fishing industry and the rise of urbanism in early modern Iceland. Í P. Béarez, S. Grouard, og B. Clavel (Ritstj.), *Archéologie du poisson: 30 ans d'archéo-ichtyologie au CNRS* (bls. 111–124). Antibes: du Centre d'études Préhistoire, Antiquité, Moyen Age de la villa d'Antibes et du ministère de la Culture ed de la Communication.
- Albína Hulda Pálsdóttir. (2013). *Dýrabeinin frá Alþingisreit IV. fasi (871-1226): Uppgröftur 2008-2012* (nr. 2013-1). Skýrslur Íslenskra fornleifarannsóknna ehf. Reykjavík: Íslenskar fornleifarannsóknir ehf.
- Albína Hulda Pálsdóttir, Gorsline, M. og McGovern, T. H. (2008). *The Archaeofauna from Vatnsfjörður, Westfjords, Iceland: Interim report 2003-2007* (nr. NORSEC report nr. 43). New York: CUNY Northern Science and Education Center, North Atlantic Biocultural Organization Research.
- Amorosi, T. (1996). *Icelandic Zooarchaeology: New Data Applied to Issues of Historical Ecology, Paleoecology and Global Change* (Unpublished PhD thesis). The City University of New York, New York.
- Amundsen, C., Perdikaris, S., Brown, M., Krivigorskaya, Y., Modugno, S., Smiarowski, K., Storm, S., o.fl. (2004). *A 15th c Archaeofauna from Akurvík, an early Fishing Station in NW Iceland* (nr. 15). NORSEC Laboratory Report. New York: CUNY Northern Science and Education Center. Sótt af <http://www.nabohome.org/publications/labreports/Norsec15Akurvik.pdf>.
- Buckley, M., Fraser, S., Herman, J., Melton, N. D., Mulville, J. og Pálsdóttir, A. H. (2014). Species identification of archaeological marine mammals using collagen fingerprinting. *Journal of Archaeological Science*, 41, 631–641. doi:10.1016/j.jas.2013.08.021
- Ragnar Edvardsson. (2010). *The Role of Marine Resources in the Medieval Economy of Vestfirðir, Iceland* (Doctoral thesis). The Graduate Center, The City University of New York, New York.
- Harrison, R., Hicks, M. T., Colligan, P. og Schreiner, A. (2008). *Preliminary Assessment of the faunal remains from the 2007 Midden Excavation in Eyri, Westfjords* (nr. 42). NORSEC Zooarchaeology Laboratories Report. New York: CUNY Northern Science and Education Center. Sótt af http://www.nabohome.org/publications/labreports/RHEyri07_zooarch_report_final.pdf.
- Krivigorskaya, Y. og McGovern, T. H. (e.d.). *Preliminary Assessment Report of an Archaeofauna from Eyri, Isaffjord, NW Iceland* (nr. 25). NORSEC Zooarchaeology Laboratories Report. New York: CUNY Northern Science and Education Center. Sótt af <http://www.nabohome.org/publications/labreports/Norsec25Eyri2004.pdf>.
- Krivigorskaya, Y., Perdikaris, S. og McGovern, T. H. (2006). Cleaning up the farm: a later medieval archaeofauna from Gjögur, a fishing farm of NW Iceland. Í J. Arneborg og B. Grønnow (Ritstj.), *Dynamics of Northern societies*, Publication from the National museum. Studies in Archaeology & History Vol 10 (bls. 383–394). Flutt á Dynamics of Northern societies: SILA/NABO Conference on Arctic and North Atlantic Archaeology, Copenhagen: National Museum of Denmark. Sótt af <http://www.nabohome.org/uploads/tommcgovern/Krivigorskaya.pdf>.
- Lúðvík Kristjánsson. (1986). *Íslenskir sjávarhættir* (B. V. bindi). Reykjavík: Menningarsjóður.

- McGovern, T. (2009). Chapter 4: The Archaeofauna. Í G. Lucas (Ritstj.), *Hofstaðir: Excavations of a Viking Age Feasting Hall in North-Eastern Iceland*, Institute of Archaeology Monographs (bls. 168–252). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- McGovern, T. H. (2011). *Walrus Tusks & Bone From Aðalstræti 14-18, Reykjavík Iceland* (nr. Report 55). New York: CUNY Northern Science and Education Center.
- McGovern, T., Orri Vésteinsson, Adolf Friðriksson, Church, M., Lawson, I., Simpson, I. A., Árni Einarsson, o.fl. (2007). Landscapes of Settlement in Northern Iceland: Historical Ecology of Human Impact and Climate Fluctuation on the Millennial Scale. *American Anthropologist*, 109(1), 27–51.
- Milek, K. (2010). *Vatnsfjörður 2009: Framvinduskýrslur/Interim Reports* (nr. FS449-03099). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt af http://www.nabohome.org/uploads/fsi/FS449-03099_Vatnsfjordur_2009.pdf.
- Perdikaris, S., Amundsen, C. og McGovern, T. (2002). *Report of Animal Bones from Tjarnargata 3C, Reykjavík, Iceland*. CUNY Northern Science and Education Center, North Atlantic Biocultural Organization Research.
- Ragnar Edvardsson. (2002). *Fornleifskráning í Kaldrananeshreppi. Lokaskýrsla*. Fornleifastofnun Íslands.
- Þór Magnússon. (1988). Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1987. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 1987*, 141–157.